

Garðalundi 12. apríl 2018

Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Guðjóns E. Friðrikssonar bæjarritara

Vinnuskóli Garðabæjar sumarið 2018

Laun og vinnutímabil unglunga og annað fyrirkomulag.

1. Endurskoðun launataxta fyrir sumarið 2018

Lagt er til við bæjarráð að hækka verulega launataxta unglunga vinnuskólans frá sl. ári. Vinnuskólar í þremur sveitarfélögum hafa sl. ár haft samráð um taxtalaunin. Akranes, Mosfellsbær og Garðabær (skammstafað AMG). Ljóst er að taxtar AMG hafa dregist verulega aftur úr þeim bæjarfélögum sem hafa ákvarðað laun vinnuskóla fyrir sumarið 2018. Eiga það þó sammerkt að bjóða heldur fleiri vinnustundir en gengur og gerist. Hæst bjóða m.a. Reykjanes, Kópavogur, Seltjarnarnes og Hafnarfjörður. Þeirri spurningu er hér velt upp til bæjarráðs hvort ekki þurfi að endurskoða taxa svo þeir standist samanburð við helstu nágrannasveitarfélög.

Áætlun AMG samráðsins er upphaflega leggja til að taxtar 2018 yrðu hækkaðir um 10% frá fyrra ári og er orlof 10.17 % tekið með í reikninginn.

Akranes hefur sett þá tillögu í samþykktarferli en hik er á tillögunni í Mosfellsbæ í ljósi nýjustu upplýsinga. Tillagan er svohljóðandi:

14 ára unglingar, 8. bekkingar (f.2004)	kr. 550 pr.klst.	Var áður kr. 500 (m.orl.)
15 ára unglingar, 9. bekkingar (f.2003)	kr. 620 pr.klst.	Var áður kr. 565 (m.orl.)
16 ára unglingar, 10. bekkingar (f.2002)	kr. 825 pr.klst.	Var áður kr. 750 (m.orl.)

Ljóst er að ofangreindir taxtar verða nokkuð undir því sem helstu nágrannasveitarfélög bjóða fyrir sumarið 2018 og spurning hvort ekki þurfi að bæta í og gera eitthvað betur. Að mínu mati er það er ágæt leið sem Reykjanesbær setti upp með því að miða taxtann við lægsta launaflokk 115 í töflu verkalýðs-og starfsmannafélaga.

15 ára laun séu 40% af taxtalaunum lfl. 115 og 16 ára 50% af lfl. 115.

Gott væri að fá sýn og álit yfirstjórnenda bæjarins hvernig best er að lenda þessu máli.

Samanburður helstu vinnuskóla

Launataxtar og mögulegur vinnustundafjöldi í helstu nágrannasveitarfélögum sumar 2018. Samantekt GR.

Hafnarfjörður – skv. upplýsingum frá forstöðumanni

14 ára	kr. 544 án orlofs	kr. 599 með orlofi	25 tímar
15 ára	kr. 615 án orlofs	kr. 678 með orlofi	112 tímar
16 ára	kr. 819 án orlofs	kr. 902 með orlofi	112 tímar

Kópavogur – skv. heimasíðu

14 ára	kr. 533	án orlofs	kr. 587 með orlofi	71,5 tímar
15 ára	kr. 711	án orlofs	kr. 783 með orlofi	110,5 tímar
16 ára	kr. 888	án orlofs	kr. 978 með orlofi	143 tímar

Seltjarnarnes – skv. heimasíðu

14 ára	kr. 524	án orlofs	kr. 577 með orlofi	98 tímar
15 ára	kr. 699	án orlofs	kr. 771 með orlofi	98 tímar
16 ára	kr. 874	án orlofs	kr. 962 með orlofi	196 tímar

Reykjanesbær – skv. heimasíðu 40-50 % af lfl. 115

15 ára	kr. 680	án orlofs	kr. 769 með orlofi	112 tímar
16 ára	kr. 849	án orlofs	kr. 962 með orlofi	112 tímar

Reykjavík – áætluð 4.4% hækkun taxta frá 2017 skv. forstöðumanni**Tillaga liggur fyrir um að setja 8. bekk inn aftur.**

15 ára	kr. 603 -	kr. 628 án orlofs	kr. 692 með orlofi	105 tímar
16 ára	kr. 802 -	kr. 837 án orlofs	kr. 922 með orlofi	105 tímar

Akranes 10% hækkun - tillaga í ferli.

14 ára	kr. 499	kr. 550 með orlofi	25 tímar
15 ára	kr. 563	kr. 620 með orlofi	140 tímar
16 ára	kr. 749	kr. 825 með orlofi	210 tímar

Garðabær 10% hækkun eða bæta betur í taxta?

14 ára	kr. 499	kr. 550 með orlofi	73 tímar
15 ára	kr. 563	kr. 620 með orlofi	173 tímar
16 ára	kr. 749	kr. 825 með orlofi	173 tímar

2. Ósk um aukið svigrúm fyrir fræðslu – Egó – Me too. ofl.

Ráðningartímabil almennra flokkstjóra hefur verið miðað við 2 mánuði á sumri og flokkstjórar átt flestum tilfellum möguleika á viðbót í lok sumars í öðrum deildum. Gengið ágætlega upp fyrir þá sem þiggja.

Það er ósk okkar að lengja ráðningartíma fyrir einn almennan flokkstjóra um tvær vinnuvikur. Tilgangurinn er að umræddur flokkstjóri endurskoði, efli og annist sérstaklega í ár forvarnavinnu og hópeflisdagskrá fyrir yngstu nemendurna – svonefnt Egó. Hugað sé að frekari að jafnréttisfræðslu ma. með áhrif Metoo í huga. Ráðningin væri frá ca. miðjum maí til að undirbúa.

3. Aukinn tímafjöldi fyrir yngsta árganginn - 8. bekkur.

Að beiðni fulltrúa 8. bekkina á trúnaðarmannafundum á sl. sumri 2017 var ósk um að bæta við vinnutíma hjá yngstu nemendum vinnuskólans sem ættu kost á að vinna fimmta daginn til viðbótar. Bæta við sig 3.5 tímum á föstudögum. Fara úr

12.5 tímum í 16 tíma á viku. Ósk um þá breytingu er hér komið á framfæri og með von um góðar undirtektir.

Áætlað er að starfsstímabil vinnuskólans standi yfir frá 11. júní til 25. júlí hjá nemendum í almennum garðyrkjuhópum.

Unglingar sem lánaðir eru til aðstoðar á ýmis tómsbundanámskeið og stofnanir þurfa í einhverjum tilvikum að laga mögulegan vinnustundafjölda að námskeiðs- og opnunartíma í júní, júlí og hluta af ágúst í samráði við stjórnendur.

Með von um jákvæða umfjöllun og niðurstöðu,

Gunnar Richardson Vinnuskóla Garðabæjar.